

# Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns

Guðmundur Ævar Oddsson

*Missouri-háskóla*

**Útdráttur:** Markmið þessarar greinar er að skoða stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Gögnin sem liggja til grundvallar koma úr nýlegri íslenskri spurningakönnun og úr *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* fyrir árið 2005. Gögnin eru greind út frá kenningu Max Webers um þjóðfélagsstéttir og kenningum um viðmiðunarhópa. Niðurstöðurnar benda til þess að stéttavitund á Íslandi sé töluvert mikil. Flestir kannast við stéttarheiti og eru fúsir til þess að segja til um hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra. Að sama skapi eru Íslendingar talsvert meðvitaðir um eigin stéttarstöðu. Þessu ber vitni sterk jákvæð fylgni huglægrar stéttarstöðu og efnahagsstéttar annars vegar og einstaklingstekna, heimilistekna og menntunar hins vegar. Í samræmi við kenningar um viðmiðunarhópa benda niðurstöðurnar til þess að Íslendingar hafi ríka tilhneigingu til að sjá sig í „millistétt“. Þá hafa Íslendingar meiri „millistéttarsýn“ á eigin stéttarstöðu og sjá hana almennt hærra í stéttarkerfinu en flestar aðrar þjóðir. Loks er það ætlunarverk þessarar greinar að hjálpa til við að endurvekja íslenskar stéttarannsóknir.

*Lykilorð:* Stéttavitund ■ efnahagshrun ■ þjóðfélagsstéttir ■ stéttarstaða ■ millistétt

**Abstract:** The purpose of this paper is to tap Icelanders' class awareness in the wake of the 2008 economic collapse, using recent Icelandic survey data and 2005 *World Values Survey* data. The data are analyzed using a synthesis of Weber's theory of class and reference group theory. Contrary to popular belief, Icelanders are class-aware. Most recognize and understand class terms, and are willing to assign themselves to a class. Icelanders also have fairly strong awareness of their class position, evidenced by a strong relationship between subjective class and economic class, on the one hand, and subjective class and class indicators, on the other. Consistent with reference group theory, a subjective "middle class" tendency is revealed across the class structure. Icelanders also have more of a "middle class" view of their class position and see it, on average, as higher than people in most other countries. Lastly, this article is meant to help reinvigorate class analysis in Iceland.

*Keywords:* Class awareness ■ economic collapse ■ class position  
middle class ■ Iceland

*Lánsama eyland, þar sem allir menn eru jafnir, en ekki grófir, ekki enn.* W. H. Auden, *Ísland heimsótt á ný* (1964).

*Ein kona...neitaði að svara. Hún sagði: „Það eru bara til tvær stéttir, kurteist og kúltiverað fólk af góðum ættum og hinir.“ Hún neitaði að ræða þetta frekar því, „ég er alls ekki snobbuð“.* Dóra S. Bjarnason, *Jafnræði í lagskiptu samfélagi* (1976).

*Það hafa alltaf verið til ríkir og ekki ríkir og jafnvel fátækir í þessu landi. Fyrir stuttu var samt ekki meiri munur en svo að talað var um stéttlaust samfélag. Það sjá allir að það er hlægilegt kjaftæði að halda því fram í dag.* Dr. Gunní (DV 2006).

## Inngangur

Félagsfræðingar hafa löngum verið uppteknir af hugmyndum almennings um stéttakerfi og eigin stéttarstöðu. Mikilvægustu frumkvöðlar félagsfræðinnar, Karl Marx (1972), Max Weber (1978) og Emile Durkheim (1933), settu t.a.m. allir fram kenningar sem lúta að téðum hugmyndum. Allar götur síðan hafa félagsfræðingar lagt áherslu á að rannsaka huglæga hlið stéttakerfa. Meðal rannsóknarefna eru stéttarviðhorf (Fichter, 1972), skynjun stéttaátaka (Visher, 1983), stéttavitund (Jackman og Jackman, 1983), stéttarvitund (Wright, 1989), stéttarímyndir (Kelley og Evans, 1992) og stéttarsjálfsmyndir (Edlund, 2003), svo eitthvað sé nefnt. Hins vegar hefur lítið farið fyrir rannsóknum af þessu tagi hér á landi, burtséð frá nokkrum áhugaverðum rannsóknum sem gerðar voru á áttunda áratugnum og koma inn á þetta svið (Dóra S. Bjarnason, 1974; Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Tomasson, 1980; Þorbjörn Broddason og Webb, 1975). Hérlandis hefur auk þess ekki tíðkast að leggja fyrir sigildar spurningar alþjóðlegra viðhorfskannana um „huglæga stéttarstöðu“ (Centers, 1949), m.ö.o. að spyrja svarendur hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra. Í ár urðu þó ákveðin tímamót hvað þetta varðar með þátttöku Íslands í alþjóðlegu viðhorfskönnuninni *International Social Survey Programme*. Í ljósi þess sem nefnt hefur verið hér að framan og örra þjóðfélagsbreytinga síðustu ára, sér í lagi mikillar aukningar efnahagslegs ójafnaðar (Arnaldur Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009) og efnahagshrunsins, er löngu tímabært að bæta úr fyrrgreindri vanrækslu rannsókna á huglægri hlið íslenska stéttakerfisins.

Markmið þessarar greinar er tvíþætt: Fyrst og fremst er markmiðið að skoða stéttavitund (e. class awareness) Íslendinga með því að greina svör við spurningu um huglæga stéttarstöðu sem safnað var í viðhorfskönnun í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 (Guðni Th. Jóhannesson, 2009) og bera síðan svörin saman við sams konar svör frá 49 löndum sem tóku þátt í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* (e. World Values Survey) árið 2005. Í öðru lagi er ætlunin að setja fram kenningu um huglæga stéttarstöðu, sem skeytir saman kenningu Webers (1978) um þjóðfélagsstéttir og kenningum um viðmiðunarhópa (Bott, 1957; Lockwood, 1966; Merton, 1968; Stouffer o.fl., 1949). Jafnframt greini ég gögnin út frá umræddum kenningaramma. Að auki reifa ég tilgátu um tengsl einstaklingsvæðingar og aukinna áhrifa viðmiðunarhópa á huglæga stéttarstöðu.

Stéttavitund skírskotar hér til þeirrar tilhneigingar fólks að sjá þjóðfélag sitt skiptast upp í tvær eða fleiri þjóðfélagsstéttir (Rothman, 2002). Fyrsta skrefið í rannsókn á stéttavitund er því að grafast fyrir um hvort viðmælendur kannist við stéttaheiti, hvort þeir séu tilbúnir að

segja til um hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra og hvort svör viðmælenda komi heim og saman við félagslegar aðstæður þeirra (Evans, 1996).

Skýran greinarmun verður að gera á hugtakinu „stéttavitund“ og hinu vel þekkta og umdeilda hugtaki „stéttarvitund“ (e. class consciousness). Í þrengstu merkingu hugtaksins ætti einungis að tala um stéttarvitund þegar aðstæður verkalýðsstéttarinnar kalla fram samvitund sameiginlegra hagsmuna í krafti pólitísku umboðs (Engels, 1975; Lukacs, 1975; Marx, 1963). Ennfremur er stéttarvitund ekki einstaklingsbundið fyrirbrigði eins og Georgy Lukacs, sá sem ber mesta ábyrgð á útbreiðslu hugtaksins, lagði mikla áherslu á (Lukacs, 1975). Grundvallaratriði er að stéttavitund er einungis frumstig stéttarvitundar (Giddens, 1973; Mann, 1973). Nánar tiltekið: Ef fólk er ekki meðvitað um þjóðfélagsstéttir getur það ekki samsamað sig ákveðinni þjóðfélagsstétt og öðlast stéttarvitund. Hvað sem því líður er ekki grundvöllur fyrir því að leggja þessi tvö hugtök að jöfnu (Scott og Marshall, 2005). Með öðrum orðum: Að vera meðvitaður um þjóðfélagsstéttir er ekki það sama og hafa stéttarvitund.

Áður en við vindum okkur í niðurstöðurnar mun ég gefa yfirlit yfir innlendar rannsóknir og afleidd gögn sem varpa ljósi á hið íslenska samhengi þessarar greinar. Í kjölfarið mun ég sýna hvernig sambland kenningar Webers um þjóðfélagsstéttir og kenninga annarra fræðimanna um viðmiðunarhópa útskýrir huglæga stéttarstöðu. Þá reifa ég tilgátu um tengsl einstaklingsvæðingar og aukinna áhrifa viðmiðunarhópa á huglæga stéttarstöðu. Loks mun ég lýsa þeim gögnum og aðferðum sem ég notast við í þessari rannsókn.

## Fræðilegur bakgrunnur

### *Innlendar rannsóknir*

Íslandi hefur jafnan verið lýst af leikum og lærðum sem miklu jafnaðarþjóðfélagi (t.d. Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Sumir fræðimenn hafa jafnvel lýst Íslandi sem einstaklega jöfnu og „stéttlausu“ þjóðfélagi (Tomasson, 1980). Þó að fyrsta lýsingin sé ekki fjarri lagi, standast seinni tvær ekki gagnrýna skoðun (t.d. Stefán Ólafsson, 1981, 1982). Hins vegar hefur goðsögnin um hið „stéttlausa“ íslenska samfélag verið býsna lífseig meðal landans, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að raunveruleikinn er annar (t.d. Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Þorbjörn Broddason og Webb, 1975).

Dóra S. Bjarnason (1974) kemst að þeirri niðurstöðu að Íslendingar vilji ekki viðurkenna tilvist stéttaskiptingar á Íslandi þrátt fyrir vitneskju þeirra um mismunandi aðstöðu fólks og efnahag (Dóra S. Bjarnason, 1974). Þorbjörn Broddason og Webb (1975) sýna fram á margvíslegan ójöfnuð hérlendis en draga ekki í efa staðhæfingar Dóru S. Bjarnason (1974) um veika stéttavitund meðal Íslendinga. Viðmælendur Sigurjóns Björnssonar og félaga (1977) héldu því almennt fram að Ísland væri stéttlaust þjóðfélag og túlkuðu ekki efnahagslegan mismun sem vísbendingu um stéttaskiptingu. Að mati Sigurjóns og félaga (1977) virðist sem Íslendingar trúu ekki á tilvist stéttaskiptingar í þjóðfélaginu. Þá heldur Tomasson (1980) því fram að jafnaðarandinn sé helsta menningararfleifið Íslendinga og byggir þessa staðhæfingu sína aðallega á því að Íslendingar sýna lítinn mannamun í samskiptum sín á milli. Á þessum grundvelli dregur Tomasson (1980) þá ályktun, líkt og ofangreindir fræðimenn, að stéttavitund sé hverfandi meðal Íslendinga.

Á hinn bóginn hefur Stefán Ólafsson (1981, 1982, 2003) bent á það að gera verði greinarmun á *þjóðfélagsstétt* (efnahagslegri stöðu) og *þjóðfélagsstöðu* (virðingarstöðu) (Chan

og Goldthorpe, 2007, Weber, 1978). Í ljósi þessa væri nær lagi að segja að stöðumunur á Íslandi sé tiltölulega lítill í samanburði við margar aðrar þjóðir (Stefán Ólafsson, 2003), frekar en að stéttavitund hérlendis sé hverfandi. Að sama skapi er ljóst að Íslendingar leggja mikið upp úr jöfnuði (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991; Stefán Ólafsson, 1996). Hins vegar verður að gera greinarmun á þeim *jafnaðargildum* sem Íslendingar hafa í heiðri og þeim *jafnaðarhugmyndum* sem þeir hafa um þjóðfélag sitt (Þórólfur Þórlindsson, 1988). Þórólfur Þórlindsson (1988) dregur t.a.m. þá ályktun að umræddar *jafnaðarhugmyndir* beri að túlka sem svo að Íslendingar áliti þjóðfélag sitt tiltölulega réttlátt. Þó verður að hafa í huga að *jafnaðargildi* Íslendinga byrgja þeim einnig sýn á stéttaskiptingu eigin þjóðfélags (Gísli Pálsson og Durrenberger, 1989, 1996).

Tilgáta mín er sú að stéttavitund Íslendinga hafi aukist frá því sem áður var. Jafnframt tel ég að aukna stéttavitund megi rekja til tveggja nátengdra kreppa (jafnaðarkreppu og efnahagskreppu) sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu ár. Þessa tilgátu er þó ekki hægt að kanna út frá þeim gögnum sem notast er við í þessari rannsókn, þar sem um er að ræða eina mælingu á ákveðnum tímapunkti. Frekari rannsókna er því þörf. Tilgátuna byggir ég hins vegar á kenningum Bourdieu (1977, 1984) um kreppur og möguleg áhrif þeirra á viðtekna og „sjálfsagðar“ hugmyndir fólks um samfélag sitt.

Í fyrsta lagi hefur efnahagslegur ójöfnuður aukist það mikið og ört hérlendis undanfarin ár (Stefán Ólafsson, 2006, 2008) að nærtækast er að tala um jafnaðarkreppu (Galbraith, 2000; Hout o.fl. 1996). Sem dæmi hefur efnahagslegur ójöfnuður á Íslandi aukist mun örar en almennt í OECD-ríkjunum (Arnaldur Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009). Ræður hér mestu „nýfrjálshyggjuvæðing“ (Harvey, 2007) síðustu ára (Stefán Ólafsson, 2008; Wade, 2009). Samkvæmt kenningum Webers móta markaðsöflin nú ójöfnuð í ríkari mæli en áður og fyrir vikið er Ísland orðið meira „stéttþjóðfélag“ (Weber, 1978). Ein vísbending þessa er sú að Gini-stuðull ráðstöfunartekna fyrir hjón og sambúðarfólk jókst úr 0,21 árið 1993 upp í 0,43 árið 2007 (Arnaldur Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009). Önnur vísbending er sú að 1% tekjuhæstu fjölskyldna fékk í sinn hlut 4,2% af heildartekjum í landinu árið 1993, en árið 2007 var hlutfallið 19,8% (Arnaldur Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009). Auðsæ birtingarmynd þessarar þróunar er hin mikla fjölgun í hópi nýríkra Íslendinga (Guðmundur Magnússon, 2008). Áberandi neysluvenjur (e. conspicuous consumption) (Veblen, 2004) þessa hóps stinga mjög í stúf við það sem hinn dæmigerði Íslendingur á að venjast, svo ekki sé minnst á þá sem lifa við og undir fátækramörkum (Hagstofa Íslands, 2010; Harpa Njáls, 2003). Eftirfarandi er afgerandi lýsing frá innanbúðarmanni (Ármann Þorvaldsson, 2009: 171):

Fyrir hina nýríku Íslendinga skapaði velgengnin ný og áður óþekkt vandamál... Bílstjórinn var latur, heimilishjálpin þreif illa og barnfóstran ætlaði aldrei að vakna á morgnana. Börnin kvörtuðu undan því að vera alltaf að ferðast til staða eins og Courchevel, St. Tropez og Dubai og vildu frekar vera heima og fara út að hjóla. Val á vínnum olli nú heilabrotum. Nokkrum árum áður drukku allir gin og tónik. Nú þótti hallærislegt að drekka rauðvín sem var yngra en maður sjálfur.

Í jafnaðarþjóðfélagi á borð við Ísland, með tiltölulega mikinn félagslegan hreyfanleika upp á við, ýtir sýnileiki efnafólks enn frekar undir „óhagstæðan samanburð“ (Jón Gunnar Bernburg o.fl., 2009). Kenningin um „afstæðan skort“ (e. relative deprivation) kemur inn á þennan þátt (Runciman, 1966). Ennfremur má ætla að þetta hafi aukið stéttavitund. Sem dæmi um þetta

má nefna að árið 1997, þegar mikil umræða var um hin svokölluðu „ofurlaun“, töldu 82% aðspurðra að launamunur væri orðinn það mikill að það byggju tvær þjóðir á Íslandi (Gallup, 1997). Það sem meira er, telja 84% Íslendinga að launamunur hafi aukist mjög mikið síðustu tíu ár (Arnaldur Kristjánsson, 2009).

Ívar Jónsson (2008) lýsir jafnframt tilkomu „stéttar þverþjóðlegra kapítalista“ (e. transnational capitalist class) (Sklair, 2001) með rætur á Íslandi og rekur hvaða áhrif uppgangur hinnar nýju stéttar hefur haft á íslenskt samfélag (143):

Stéttakerfið [ íslenska ] hefur umbreytt síðustu 15 árin, úr því að vera tiltölulega einsleitt stéttakerfi í klofið stéttakerfi — þar sem gjáin milli stéttar þverþjóðlegra kapítalista og stéttar hefðbundinna kapítalista [ e. traditional capitalist class ] er að dýpka samfara auknum klofningi milli launþega og hinna kapítalísku stétta.

Rétt eins og með efnahagshrunið í Bandaríkjunum 1929 þá var jafnaðarkreppa fyrirboði íslenska efnahagshrunsins haustið 2008 (Stefán Ólafsson, 2010). Efnahagslegur ójöfnuður á Íslandi eykst alla jafna í efnahagskreppum, þar sem niðursveiflur bitna fyrst og fremst á þeim sem hafa minna á milli handanna (Stefán Ólafsson, 1990). Yfirstandandi efnahagskreppa er engin undantekning hvað þetta varðar (Hagstofa Íslands, 2010). Fræðimenn hafa einnig getið sér til um að stéttavitund aukist í kreppum (Centers, 1949; Jackman og Jackman, 1983). Hins vegar hefur þessi tilgáta ekki verið sannreynd. Íslendingar verða a.m.k. uppteknari af launamun í efnahagslegum niðursveiflum (Ásgeir Jónsson o.fl., 2001). Ennfremur virðist sem yfirstandandi efnahagskreppa hafi gert Íslendinga meðvitaðri um vaxandi ójöfnuð undangenginna ára (Arnaldur Kristjánsson, 2009; Stefán Ólafsson, 2009).

### *Erlendar rannsóknir*

Weber (1978) setti fram kenningu um lagskiptingu þjóðfélaga út frá þremur víddum, þ.e. þjóðfélagsstétt, þjóðfélagsstöðu og pólitískri stöðu. Weber hafnaði jafnframt sterkri efnishyggju Marx (1972), sem kveður m.a. á um að verund skapi vitund. Engu að síður vill þó gleymast að Weber áleit að einstaklingar hefðu ríka tilhneigingu til þess að haga sér í samræmi við þá efnahagslegu hagsmuni sem fylgja stéttarstöðu þeirra (Wright, 2002). Hvort fólk gerir sér grein fyrir stéttarhagsmunum sínum og berst fyrir þeim „veltur á menningarlegum aðstæðum...og sér í lagi gagnsæi tengslanna á milli orsaka og afleiðinga stéttarstöðu“ (Weber, 1978: 929). Gagnsæið er mest hjá öreiganum, sem gerir sér besta grein fyrir því að „andstæður hvað varða lífsmöguleika [megi rekja til] formgerðar hins áþreifanlega hagerkis“ (Weber, 1978: 929). Samkvæmt Weber er þó uppsprettu sameiginlegra sjálfsmynda fremur að finna í stöðuhópum en þjóðfélagsstéttum. Engu að síður er talsverð fylgni á milli þjóðfélagsstéttar og þjóðfélagsstöðu, þó hún hafi minnkað í seinni tíð (Scott, 2002). Sem dæmi er þjóðfélagsstétt og þjóðfélagsstöðu oft ruglað saman í almennri umræðu (Chan og Goldthorpe, 2007).

Út frá kenningum Webers býst ég við því að þessi rannsókn muni leiða í ljós sterk jákvæð tengsl huglægrar stéttarstöðu og efnahagsstéttar annars vegar og huglægrar stéttarstöðu og svokallaðra „stéttarvísa“ (Anderson og Taylor, 2007) hins vegar. Stéttarvísarnir sem notast er við í þessari grein eru efnahagsstétt, einstaklings- og heimilistekjur og menntun. Til nánari

útskýringar á hugtakinu „efnahagsstétt“, þá deilir fólk í sömu efnahagsstétt svipuðum lífsmöguleikum, en þeir ákvarðast af sambærilegri markaðsstöðu (Weber, 1978). Til þess að efnahagsstétt myndi þjóðfélagsstétt þarf, hins vegar ákveðna félagslega lokun vegna takmarkaðs félagslegs hreyfanleika innan og milli kynslóða. Þetta kallast stéttarmyndun og er m.a. lýst í samsetningarkenningu (e. structuration) Giddens (1973).

Einnig reikna ég með því að þeir sem neðar eru í stéttakerfinu séu viljugri til þess að svara spurningum um huglæga stéttarstöðu. Sem fyrr segir taldi Weber (1978) að öreigar hefðu skýrasta sýn á stéttakerfið sökum stéttarstöðu sinnar. Þessari kennisetningu deilir Weber með Marx (1972) og Durkheim (1933), auk fjölda annarra merkra fræðimanna, s.s. DuBois (1996) og Bourdieu (1977).

Hins vegar geri ég jafnframt ráð fyrir því að „einstaklingsvæðing stéttakerfisins“ (Beck, 1992; Scott, 2002) dragi úr tengslum huglægrar stéttarstöðu og hlutlægrar stéttarstöðu. Nánar tiltekið: Aukin einstaklingsvæðing veldur því að sjálfsmynd fólks veltur meira á ákvörðunum þess en síður á stéttarstöðu (Beck, 1992). Að sama skapi breytir aukin einstaklingsvæðing því samhengi (e. context) sem fólk upplifir sig sjálft í (Irwin, 2008). Ekki er þó hægt að sannreyna hvort stéttakerfið íslenska sé einstaklingsvæddara en áður út frá þeim gögnum sem liggja til grundvallar þessari rannsókn, enda einungis um eina mælingu á ákveðnum tímapunkti að ræða. Frekari rannsóknir þarf til að kanna haldbærni tilgátunnar.

Íslendingar hafa engu að síður ávallt verið miklir einstaklingshyggjumenn (Stefán Ólafsson, 2003), auk þess sem einstaklingshyggju hérlendis hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár (Axel Hall o.fl., 2002). Þetta kemur meðal annars fram í minnkandi „stéttakosningu“ samkvæmt Alford-kvarðanum á árunum 1983 til 2003 (Ólafur Þ. Harðarson, 2004). Hafa ber þó í huga að Alford-kvarðinn, sem sýnir muninn á hlutfalli verkafólks sem kys vinstri flokka og hlutfalli millistéttarfólks sem kys vinstri flokka, er býsna grófur mælikvarði (Manza o.fl., 2005). Hann getur þó gefið ákveðna vísbendingu um langtíma þróun.

Tilgáta mín er eftirfarandi: Aukin einstaklingsvæðing breytir því samhengi sem fólk upplifir sig sjálft í, á þann veg að þegar dregur úr áhrifum stéttakerfisins hafa félagsleg tengsl við fjölskyldu, vini og samstarfsmenn meiri mótandi áhrif á stéttavitund þess. Eftir því sem síðarnefndu áhrifin aukast verða einstaklingar síður líklegir til þess að taka tillit til stéttakerfisins. Þetta gerir einstaklinga hneigðari til þess að (Levy, 1991: 63):

[1] taka einungis tillit til síns nánasta félagslega umhverfis til að skilja hvað gerist og hvers vegna, [2] útskýra félagslega hegðun með vísun í einstaklingseinkenni, sér í lagi tilhneigingar einstaklinga og skapgerðareinkenni, [og] [3] virða að vettugi félagslega sköpun ójafnaðar, mismununar og formgerðarhindrana.

Eftir þessum sömu nótum held ég því fram að bæði nánasta félagslega umhverfi og stéttarstaða hafi áhrif þegar fólk er spurt hvaða þjóðfélagsstétt það tilheyrir. Þetta er í samræmi við kenningar um viðmiðunarhópa (Bott, 1957; Lockwood, 1966; Merton, 1968; Stouffer o.fl., 1949), sem kveða á um að nálægir samferðamenn hafi mikil áhrif á sýn fólks á eigin stöðu í þjóðfélaginu (Evans og Kelley, 2004: 4):

Þetta er sérstök „brjóstvitsaðferð“ – tilhneiging til þess að sjá þjóðfélagið út frá alhæfingum byggðum á eigin reynslu og kunnuglegum ímyndum í fjölmiðlum. Kjarni málsins

er sá að einsleitni viðmiðunarhópa – svipuð menntun, störf og laun fjölskyldu og vina – aflagar í grundvallaratriðum „huglæga úrtakið“ sem maður alhæfir út frá um þjóðfélagið í heild sinni og byggir á huglæga stéttarstöðu.

Fyrir vikið hafa einstaklingar tilhneigingu til þess að sjá sig í n.k. „millistöðu“ þar sem viðmiðunarhópar þeirra eru tiltölulega einsleitir (Smits o.fl., 1998) og samanstanda af einstaklingum sem eru bæði fyrir ofan þá og neðan m.t.t. efnahagsstéttar, menntunar, tekna o.s.frv. (Bott, 1957). Huglæg stéttarstaða endurspeglar því sambland hlutlægrar stéttarstöðu og „hugmynda jafnaðar og samlyndis sem almennt ríkir meðal fjölskyldumeðlima, vina og samstarfsmanna, [þar sem hlutlæg stéttarstaða] er síuð í gegnum aflagandi linsu viðmiðunarhópa“ (Kelley og Evans, 1995: 158). Í ljósi þessa er tilgáta mín sú að niðurstöður þessarar rannsóknar eigi eftir að sýna „millistéttar-tilhneigingu“ um allt stéttakerfið.

## Gögn og aðferðir

Gögnin sem notast er við í þessari rannsókn koma úr íslenskri spurningakönnun sem gerð var símleiðis á tímabilinu desember 2008 til janúar 2009. Spurningakönnunin var framkvæmd af *Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands* í samvinnu við *Miðlun viðskiptalausnir ehf.* Úrtakið er lýsandi fyrir íslenskumælandi landsmenn á aldrinum 18 til 75 ára. Upphaflegt úrtak var 1524 einstaklingar og þar af tóku 798 þátt. Brúttósvörun er því 52%. Endanlegt úrtak var 1381, þ.e. þegar búið var að draga frá þá sem voru nýlega látinir, veikir, erlendir ríkisborgarar, staddir erlendis eða könnunin átti ekki við. Nettósvörun spurningakönnunarinnar er þ.a.l. 58%, sem er vel við unandi miðað við alþjóðlegar rannsóknir á stéttavitund (Kelley og Evans, 1995). Í töflu 1 má sjá svörun eftir aldri, búsetu og kyni miðað við upphaflegt úrtak. Ekki reyndist unnt að fá upplýsingar um brottfall eftir tédum bakgrunnspáttum miðað við endanlegt úrtak. Eins og sjá má er lítil kerfisbundin skekkja í svörun m.t.t. aldurs og búsetu. Hins vegar var þátttaka nokkuð betri meðal kvenna (56%) en karla (49%).

Þrátt fyrir að algengara sé að grafist sé fyrir um huglæga hlið stéttarkerfa með hjálp eigindlegra rannsóknaraðferða hafa margar merkar meginlegar rannsóknir verið gerðar á þessu viðfangsefni, sér í lagi með notkun spurningakannana (t.d. Jackman og Jackman, 1983; Marshall o.fl., 1988; Wright, 1997). Ástæðan fyrir því að spurningakönnunum er beitt í þessum tilvikum, sem og í þessari rannsókn, er að draga má á grunni þeirra almennar ályktanir um þýðið og bera saman undirhópa. Slíkt er oftast ógerningur með eigindlegum rannsóknaraðferðum á borð við vettvangsrannsóknir (t.d. Fantasia, 1988, 1995) eða djúpvíðtöl (Savage o.fl., 2001). Þess slags rannsóknaraðferðir eru betur til þess fallnar að rannsaka vel skilgreinda hópa með tiltölulega fámennu úrtaki. Með þetta að leiðarljósi varð spurningakönnun fyrir valinu í þessari rannsókn.

**Tafla 1 Svörun eftir búsetu, aldri og kyni**

	Upphaflegt úrtak	Taka ekki þátt	Þátttakendur
<i>Búseta</i>			
Höfuðborgarsvæði	100 (937)	48,6 (455)	51,4 (482)
Landsbyggð	100 (587)	46,2 (271)	53,8 (316)
<i>Aldur</i>			
40 ára og eldri	100 (793)	40,5 (366)	53,8 (427)
39 ára og yngri	100 (731)	51,1 (360)	50,8 (371)
<i>Kyn</i>			
Karlar	100 (765)	51,1 (391)	48,9 (374)
Konur	100 (759)	44,1 (335)	55,9 (424)
<i>Samtals</i>	100 (1524)	47,6 (726)	52,4 (798)

Skýringar: (1) Taflan sýnir svörun miðað við upphaflegt úrtak, þ.e.a.s. brúttósvörun. (2) Taflan sýnir prósentutölur en fjöldatölur eru í sviga.

Í þessari grein er háða breytan fengin með spurningu um „huglæga stéttarstöðu“ (Centers, 1949), sem mikið er notast við í alþjóðlegum rannsóknum.

**Huglæg stéttarstaða:** Þessi spurning er lítillega breytt útgáfa af spurningunni sem lögð var fyrir í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* árið 2005 (Jackman og Jackman, 1983; World Values Survey, 2005a): Talað er um þjóðfélagsstéttir á borð við undirstétt, verkalýðsstétt, neðri millistétt, efri millistétt og yfirstétt. Til hvernar af eftirtöldum þjóðfélagsstéttum myndir þú segja að þú tilheyrðir?

- Undirstétt
- Verkalýðsstétt
- Neðri millistétt
- Efri millistétt
- Yfirstétt

Eins og oft vill verða með spurningar af þessu tagi völdu fáir svarendur undirstétt eða yfirstétt. Fyrir vikið er í ítarlegri greiningu notast við stéttalíkan með þremur stéttum (Edlund, 2003; Yamaguchi og Wang, 2002). Þriggja stétta líkanið samanstendur af efri millistétt, neðri millistétt og verkalýðsstétt. Svarendur er völdu yfirstétt eru kóðaðir í efri millistétt og þeir sem völdu undirstétt eru kóðaðir í verkalýðsstétt.

**Efnahagsstétt:** Efnahagsstéttarbreytan er fengin úr einföldustu útgáfu Erikson, Goldthorpe og Portocarero stéttalíkansins, sem samanstendur af þjónustustétt, millistétt og verkalýðsstétt (Edlund, 2003; Erikson og Goldthorpe, 1992). Notast er við starfsheiti samkvæmt íslenska starfsflokkunarstaðlinum *ÍSTARF 95* (Hagstofa Íslands, 1994) til að raða fólki í efna-



hagsstéttir. *ÍSTARF 95* er lítillega breytt útgáfa af alþjóðlega staðlinum *ISCO-88* (Alþjóðavinnuálagstofnunin, 1987; Ganzeboom og Treinman, 2003).

**Einstaklingstekjur:** Þessi breyta er heildarmánaðartekjur einstaklings fyrir skatta. Svör voru kóðuð á raðkvarða með fimm flokkum, frá 150 þúsund krónum eða minna og upp í 600 þúsund krónur eða meira. Aðferð sennilegustu gilda (Harman, 1976) var notuð til að meta einstaklings- og heimilistekjur þeirra sem ekki svöruðu spurningum þess efnis.

**Heimilistekjur:** Þessi breyta er heildarmánaðartekjur heimilis fyrir skatta. Svör voru kóðuð á raðkvarða með fimm flokkum, frá 250 þúsund krónum eða minna og upp í eina milljón krónur eða meira.

**Menntun:** Menntunarbreytan er hæsta menntunarstig viðkomandi samkvæmt alþjóðlega flokkunarstaðlinum *ISCED-97* (Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna, 1997). Kóðað var í þrjú flokka: Skyldunám, framhaldsskólanám og háskólanám.

## Niðurstöður

Sjötíu og átta prósent svarenda voru tilbúin að velja það stéttarheiti sem þeim fannst best eiga við sig. Flestir völdu annað hvort neðri millistétt (46%) eða efri millistétt (35%). Einungis 16% völdu verkalýðsstétt. Mjög fáir sjá sig í undirstétt (2%) eða yfirstétt (1%). Framangreint sýnir að mikill meirihluti aðspurðra Íslendinga er viljugur til að skipa sér í þjóðfélagsstétt. Til þess að sjá hvernig svörin koma heim og saman við félagslegar aðstæður svarenda skoðum við fylgni þeirra við efnahagsstétt og stéttarvísa, þ.e. einstaklings- og heimilistekjur og menntun.

Í töflu 2 er notast við þriggja stétta líkan. Þar má sjá að Íslendingar skipa sér almennt í stétt í samræmi við efnahagsstétt og stéttarvísa. Fyrir vikið er hægt að álykta að Íslendingar séu nokkuð vel meðvitaðir um eigin stéttarstöðu. Þessu ber vitni sterk jákvæð fylgni huglægrar stéttarstöðu og efnahagsstéttar annars vegar og huglægrar stéttarstöðu og stéttarvísa hins vegar. Samt sem áður er nokkur tilhneiging hjá öllum undirhópum til að sjá sig í annarri hvorri millistéttinni.

Helmingur svarenda í þjónustustétt (50%) skipar sér í efri millistétt, en einungis 30% svarenda í millistétt og 21% í verkalýðsstétt gera slíkt hið sama. Níutíu og fjögur prósent svarenda í þjónustustétt og 82% úr millistétt velja aðra hvora millistéttina. Aðeins 57% svarenda úr verkalýðsstétt skipa sér í aðra hvora millistéttina. Ennfremur sjá einungis 6% svarenda úr þjónustustétt sig í verkalýðsstétt en sama á við um 43% svarenda úr verkalýðsstétt.

Einstaklingstekjur hafa mikil áhrif á huglæga stéttarstöðu. Sextíu og átta prósent þeirra sem eru með meira en 600 þúsund krónur á mánuði skipa sér í efri millistétt, samanborið við 33% þeirra sem eru með 150 þúsund krónur eða minna á mánuði. Líklegt er að seinna hlutfallið sé hærra en efni standa til því hlutfall einstaklinga utan vinnumarkaðar er hæst í lægsta tekjuflokknum. Ætla má að einstaklingar í þessum hópi hneigist til að „taka að láni“ stéttarstöðu foreldra og/eða maka (Goldthorpe, 1983), eða svara með tilliti til væntanlegrar stéttarstöðu í framtíðinni (Gruder, 1977). Þessu til stuðnings má nefna að í næstlægsta tekjuhópnum, þar sem fleiri eru í fullri vinnu, skipa einungis 27% sér í efri millistétt. Einungis 6% þeirra sem eru í hæsta tekjuhópnum sjá sig í verkalýðsstétt, samanborið við 25% í lægsta tekjuhópnum.

Sextíu og sjö prósent þeirra sem koma frá heimilum með meira en eina milljón krónur í

heimilistekjur sjá sig í efri millistétt, en einungis 2% sjá sig í verkalýðsstétt. Til samanburðar segjast 29% svarenda frá heimilum með 250 þúsund krónur eða minna í heimilistekjur vera í efri millistétt og sama hlutfall kveðst vera í verkalýðsstétt. Líklegast er svipað uppi á teningnum með hópinn með lægstu heimilistekjurnar og hjá hópnum með lægstu einstaklings- tekjurnar, þ.e. að hlutfall þeirra sem velja efri millistétt sé hærra en efni standa til. Í hópnum með næstlægstu heimilistekjurnar velja 22% efri millistétt.

Aðeins 4% svarenda með háskólamenntun segjast vera í verkalýðsstétt, samanborið við 38% þeirra sem hafa einvörðungu skyldunám að baki. Meirihluti (55%) háskólamenntaðra skipar sér í efri millistétt. Á móti segist riflega þriðjungur (36%) svarenda með framhalds- skólamenntun vera í efri millistétt og sama á við um fimmtung (21%) þeirra sem hafa einungis lokið skyldunámi. Mikill meirihluti háskólamenntaðra (96%) og þeirra með fram- haldsskólamenntun (89%) segist vera í annarri hvorri millistéttinni. Loks segjast 62% svar- enda með skyldumenntun vera í annarri hvorri millistéttinni.

Í töflu 3 er einnig notast við þriggja stétta líkan og eru svör greind eftir búsetu (höfuðborgarsvæði/landsbyggð), aldri (40 ára og eldri/39 ára og yngri) og kyni. Marktækur munur er á svörum eftir búsetu og aldri, en ekki eftir kyni.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru mun líklegri (43%) til þess að sjá sig í efri millistétt en fólk á landsbyggðinni (28%). Að sama skapi skipar landsbyggðarfólk sér í miklu ríkari mæli (27%) í verkalýðsstétt en íbúar höfuðborgarsvæðisins (11%). Sama hlutfall (46%) telur sig til neðri millistéttar.

Nokkur munur er á því eftir aldri hvernig svarendur skipa sér í stétt (sjá töflu 3). Munar þar mest um að 40 ára og eldri eru nær tvöfalt líklegri (23%) til þess að telja sig tilheyra verkalýðsstétt en þeir sem eru 39 ára og yngri (12%). Á hinn bóginn segist 51% yngri aldurs- hópsins vera í neðri millistétt en 41% þeirra sem eldri eru.

Lítill munur er á dreifingu svara eftir kyni. Þess mætti þó helst geta að 21% karla telur sig til verkalýðsstéttar á móti 15% kvenna. Sem fyrr segir er þó munur á svardreifingu eftir kyni ekki tölfræðilega marktækur.

Strax eftir að hafa lagt fyrir spurninguna um huglæga stéttarstöðu voru spyrnlarnir sjálfir spurðir eftirfarandi spurningar: Benti eitthvað til þess að svarandinn misskildi eða ætti í erfið- leikum með að skilja stéttarheitin? Spyrnlarnir mátu það svo að mikill meirihluti (81%) hefði ekki átt í neinum erfiðleikum með að skilja stéttarheitin. Þessi niðurstaða er í góðu samræmi við sambærilegar rannsóknir (t.d. Jackman og Jackman, 1983) og gefur góða vísbendingu um skilning svarenda.

Miðað við upprunalega fimm stétta líkanið voru þeir sem skipuðu sér annað hvort í undirstétt eða yfirstétt í mestum erfiðleikum að skilja stéttarheitin. Sú niðurstaða rennir frekari stoðum undir þá ákvörðun að notast við þriggja stétta líkanið. Að sama skapi átti um fimmt- ungur þeirra sem völdu neðri millistétt í erfiðleikum. Ástæða þessa gæti að hluta verið sú að forskeytið „neðri“ er stundum notað í neikvæðri merkingu meðal almennings þegar þjóð- félagsstéttir ber á góma. Slíkt getur gert fólk hikandi við að nota stéttarheiti af þessu tagi.

#### *Samanburður við önnur lönd*

Í þessum hluta eru niðurstöðurnar fyrir Ísland bornar saman við sambærilegar niðurstöður úr *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* sem framkvæmd var árið 2005. Í þessum hluta er notast við fimm stétta líkan.

**Tafla 2** Huglæg stéttarstaða eftir efnahagsstétt og stéttarvísun (Einstaklings- og heimilistekjum og menntun)

	Efri millistétt	Neðri millistétt	Verkalýðsstétt	Marktækni ( $X^2$ )	Fjöldi
<i>Efnahagsstétt</i>				***	540
Þjónustustétt	49,5	44,1	6,4		204
Millistétt	29,8	51,8	18,4		255
Verkalýðsstétt	21,0	35,8	43,2		81
<i>Einstaklingstekjur</i>				***	620
≥ 600.001	68,1	25,5	6,4		47
450.001 – 600.000	55,6	38,9	5,6		72
300.001 – 450.000	34,1	51,4	21,2		138
150.001 – 300.000	27,2	51,6	21,2		217
≤ 150.000	32,9	41,8	25,3		146
<i>Heimilistekjur</i>				***	620
≥1.000.001	66,7	31,4	2,0		51
750.001 – 1.000.000	57,1	37,4	5,5		91
500.001 – 750.000	40,1	48,6	11,3		142
250.001 – 500.000	21,5	54,0	24,5		200
≤ 250.000	29,4	41,9	28,7		136
<i>Menntun</i>				***	614
Háskólamenntun	55,4	41,1	3,6		168
Framhaldsskólamenntun	35,7	53,2	11,1		252
Skyldumenntun	21,1	41,2	37,6		194
Samtals	36,5	45,8	17,7		620

Skýringar: (1) Í þessari töflu er notast við þriggja stétta líkan. Svarendur er völdu yfirstétt eru kóðaðir í efri millistétt og þeir sem völdu undirstétt eru kóðaðir í verkalýðsstétt. (2) Marktækni: \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ , (3) Taflan sýnir prósentutölur, að tölunum í fjöldadálkinum undanskildum. (4) Tekjur eru í íslenskum krónum.

Tafla 4 sýnir að hlutfallslega fleiri Íslendingar velja millistéttirnar tvær en í nokkru öðru landi af þeim 49 þar sem þessi spurning var lögð fyrir í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni*, að Sviss (85%) og Indónesíu (81%) frátöldum (World Values Survey, 2005b).

**Tafla 3 Huglæg stéttarstaða eftir búsetu, aldri og kyni**

	Efri milli- stétt	Neðri milli- stétt	Verkalýðs- stétt	Mark- tækni ( $X^2$ )	Fjöldi
<i>Búseta</i>				***	620
Höfuðborgarsvæði	42,7	46,0	11,2		365
Landsbyggð	27,5	45,5	27,1		255
<i>Aldur</i>				**	620
40 ára og eldri	36,8	40,5	22,7		312
39 ára og yngri	36,1	51,1	12,2		299
<i>Kyn</i>				Ekki mark- tækt	620
Karlar	34,5	44,9	20,6		296
Konur	38,3	46,6	15,1		324
<i>Samtals</i>	36,5	45,8	17,7		620

Skýringar: (1) Í þessari töflu er notast við þriggja stétta líkan. Svarendur er völdu yfirstétt eru kóðaðir í efri millistétt og þeir sem völdu undirstétt eru kóðaðir í verkalýðsstétt. (2) Marktækni: \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$ , (3) Taflan sýnir prósentutölur, að tölunum í fjöldadálkinum undanskildum.

Einungis þrjú lönd hafa hærra hlutfall sem velur efri millistétt en Ísland (35%): Sviss (46%), Svíþjóð (39%) og Kýpur (38%). Sömu þrjú lönd hafa einnig hærra samanlagt hlutfall svarenda sem velja yfirstétt og efri millistétt en Ísland (36%): Sviss (49%), Svíþjóð (41%) og Kýpur (40%).

Fjörutíu og sex prósent Íslendinga velja lægri millistétt. Einungis Indónesía (57%), Suður-Kórea (53%), Jórdan (51%), Georgía (48%) og Japan (46%) hafa hærra eða sama hlutfall. Þó nokkur hafa 40% eða hærra: Egyptaland (45%), Tæland (45%), Andorra (43%), Síle (43%), Kína (43%), Þýskaland (40%) og Noregur (40%). Hins vegar eru öll þessi lönd, að Sviss (12%) og Indónesíu (18%) undanskildum, með hærra samanlagt hlutfall verkalýðsstéttar og undirstéttar en Ísland (18%).

Einvörðungu 16% Íslendinga skipa sér í verkalýðsstétt, sem er tiltölulega lágt hlutfall samanborið við hin löndin. Í raun eru einungis sex lönd með sama eða lægra hlutfall: Indónesía (8%), Rúanda (11%), Sviss (11%), Jórdan (15%), Sambía (15%) og Svíþjóð (16%). Á hinn bóginn eru öll sex löndin, að Sviss (1%) undanskildu, með hærra hlutfall svarenda sem segjast vera í undirstétt en Ísland (2%), frá 5% í Svíþjóð til 62% í Rúanda.

Fáir Íslendingar segjast vera annað hvort í undirstétt (2%) eða yfirstétt (1%). Aðeins í Sviss segjast hlutfallslega færri vera í undirstétt (1%). Rétt eins og með flest þróuð iðnríki í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* skipar um 1% íslenskra svarenda sér í yfirstétt. Einungis Sviss (3%) og Svíþjóð (2%) hafa hærra hlutfall.

Þegar hér er komið sögu höfum við séð að Íslendingar hafa meiri „millistéttarsýn“ á stéttarstöðu sína og sjá hana almennt hærra í stéttakerfinu en flestar aðrar þjóðir. Auk þess skipa fleiri en 60% svarenda þróaðra iðnríkja í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* sér í aðra hvora millistéttina. Við höfum einnig séð að Íslendingar hafa töluvert sterka stéttavitund, sem studd er sterkri jákvæðri fylgni huglægrar stéttarstöðu og efnahagsstéttar annars vegar og huglægrar stéttarstöðu og stéttarvísa hins vegar. Svipað á við um löndin í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni* (niðurstöður ekki sýndar).

Athyglisvert er að hlutfall Íslendinga (22%) sem svaraði ekki spurningunni um huglæga stéttarstöðu er hærra en í nokkru landi í *Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni*. Löndin sem koma næst eru Malí og Sambía með 17%, sem er samt fimm prósentustigum lægra. Það Evrópuland sem kemst næst er Pólland með 14% og næst þar á eftir er Svíþjóð með 12% (World Values Survey, 2005b). Með öðrum orðum þýðir þetta að u.þ.b. átta af hverjum tíu Íslendingum eru tilbúnir að skipa sér í stétt, samanborið við níu af hverjum tíu í Póllandi og Svíþjóð. Í þessu tilfelli verður að hafa í huga að stéttarvitund er tiltölulega mikil bæði í Póllandi og Svíþjóð (Kohn o.fl., 1990; Wright, 1997).

Loks er áhugavert í tilviki Íslands að því hærri sem efnahagsstétt svaranda er og þeim mun meiri einstaklings- og heimilistekjur og menntun sem svarandi hefur, þeim mun líklegri er hann til þess að neita að svara spurningu um huglæga stéttarstöðu. Þetta er í samræmi við kenningar Webers um að „gagnsæi tengslanna á milli orsaka og afleiðingar stéttarstöðu“ (Weber, 1978: 929) sé mest hjá öreiganum. Þar af leiðandi er ljóst í tilviki Íslands að „stéttarstaða skiptir meira máli fyrir þá sem eru heftir af henni en þá sem njóta góðs af henni“ (Jackman og Jackman, 1983: 51).

## Niðurlag og umræður

Þessi rannsókn hrekur þá venjuháðu visku að stéttavitund Íslendinga sé hverfandi. Flestir Íslendinga þekkja og skilja stéttarheiti og eru fúsir til þess að segja til um hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra. Að sama skapi eru Íslendingar tiltölulega meðvitaðir um eigin stéttarstöðu. Þessu ber vitni sterk jákvæð fylgni huglægrar stéttarstöðu og hlutlægrar stéttarstöðu annars vegar og huglægrar stéttarstöðu og stéttarvísa (einstaklingstekna, heimilistekna og menntunar) hins vegar. Að þessu leyti svipar Íslendingum t.a.m. til frændþjóða okkar Norðmanna (Knudsen, 1988) og Svía (Wright, 1997), auk Breta (Marshall o.fl., 1988) og Bandaríkjamanna (Hout, 2008). Þessar niðurstöður eru í samræmi við kenningar Webers, auk niðurstöðunnar að stéttavitund er meiri meðal þeirra sem eru neðar í stéttakerfinu.

Á hinn bóginn draga viðmiðunarhópar úr spágildi hlutlægrar stéttarstöðu. Þetta sýnir rík almenn tilhneiging svarenda til þess að sjá sig í „millistétt“. Aðrar hliðstæðar rannsóknir hafa sýnt svipaðar niðurstöður fyrir önnur hagsæl, vestræn lönd og ýmis Austur-Evrópulönd (Evans o.fl., 1992; Evans og Kelley, 2004; Kelley og Evans, 1995). Jafnframt gætir umræddrar „millistéttar-tilhneigingar“ um allt stéttakerfið íslenska og styður það tilgátuna um áhrif einstaklingsvæðingar á huglæga stéttarstöðu. Tilgátan er hins vegar fyrst og fremst sett fram sem þarft innlegg í fræðilega umræðu og frekari rannsóknir á stéttavitund.

Íslendingar hafa meiri „millistéttarsýn“ á eigin stéttarstöðu en flestar aðrar þjóðir. Auk þess sjá Íslendingar almennt stéttarstöðu sína hærra í stéttakerfinu en fólk í flestum öðrum

löndum. Það að Ísland er þróað jafnaðarþjóðfélag skýrir þetta að stórum hluta (Evans og Kell-Kelley, 2004).

Aðrar mögulegar skýringar á „millistéttar-tilhneigingu“ Íslendinga eru eftirfarandi: Svarendur forðast „gildishlaðin“ stéttarheiti á borð við „verkalýðsstétt“. Í öðru lagi gæti það að velja aðra hvora millistéttina verið leið svarenda til þess að samsama sig ekki ákveðinni þjóðfélagsstétt eða jafnvel hafna öllu tali um þjóðfélagsstéttir (Savage, 2000).

Þá bendir hlutfall þeirra sem svörðu ekki spurningunni um huglæga stéttarstöðu til þess að goðsögnin um „stéttleysi“ sé útbreiddari á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Ennfremur virðist sem goðsögnin lifi bestu lífi meðal þeirra sem eru ofar í stéttakerfinu. Samkvæmt kenningum Bourdieu (1977) er ráðandi þjóðfélagshópum hagkvæmt að halda á lofti hugmyndum sem viðhalda óbreyttu ástandi. Kreppur grafa undan hugmyndum sem þessum og gefa andstæðum hugmyndum aukinn meðbyr. Ráðandi þjóðfélagshópar reyna þó leynt og ljóst að verja hugsmíð sína ásókn og koma því þannig fyrir að hún þyki aftur „sjálfsögð“ og „eðlileg“ (Bourdieu, 1977).

Líklegt er að efnahagshrunið og kreppan sem fylgdi í kjölfarið hafi aukið stéttavitund frá því sem áður var. Væri það í samræmi við tilgátur og kenningar fræðimanna (t.d. Bourdieu, 1977; Centers, 1949; Jackman og Jackman, 1983). Til að fá vísbendingu um þetta má t.a.m. horfa til almennrar orðræðu í kjölfar falls bankanna. Eftir hrun hefur almenn orðræða bersýnilega meiri stéttarlegan undirtón en áður og umræða um „auðstétt“, „nýrika“ o.þ.h. hefur ágerst. Bourdieu vitnar í Sartre: „Orð valda usla þegar þau finna nafn yfir það sem áður var nafnlaust“ (1977: 170). Fyrir vikið má ætla að tímasetning rannsóknarinnar hafi haft einhver áhrif á niðurstöður, en spurningakönnunin sem byggt er á var framkvæmd rúmum þremur mánuðum eftir að kreppan skall á.

Ein takmörkun þessarar rannsóknar felst í því að spurningakönnunin náði einungis til íslensku-mælandi einstaklinga. Fólki af erlendu bergi brotnu hefur fjölgað mikið á Íslandi á undanföllum árum (Hagstofa Íslands, 2009). Stór hluti þessa fólks talar ekki íslensku og vinnur auk þess verkamanna-störf í ríkari mæli en innfæddir (Hagstofa Íslands, 2006). Hugsanlegt er að útilokun einstaklinga sem tala ekki íslensku hafi skekkt úrtakið m.t.t. verkalýðsstéttarinnar. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að stéttavitund er mest meðal verkalýðsstéttarinnar. Skekkt úrtak gæti mögulega hafa ýkt „millistéttar-tilhneigingu“ úrtaksins.

Óhætt er að halda því fram að ákveðin „stéttafælni“ hafi plagað íslenskar félagsvísindarannsóknir síðustu áratugi. Þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið héraðs síðan á áttunda áratugnum og fjalla opinskátt um þjóðfélagsstéttir eru fyrst og fremst sögulegs eðlis (t.d. Finnur Magnússon, 1986; Hermann Óskarsson, 1997; Ingólfur V. Gíslason, 1990; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993; sjá þó Ívar Jónsson, 2008, bíður birtingar). Jafnframt hafa fæstar rannsóknir á efnahagslegum ójöfnumi á Íslandi nútímans tekið á þjóðfélagsstéttum. Þó líta margir leiðandi fræðimenn á efnahagslegan ójöfnum sem hornstein stéttarannsóknna (Adonis og Pollard, 1997; Scase, 1992; Westergaard, 1995). Þetta er óheppilegt fyrir margra hluta sakir, ekki síst vegna þess að langflestar stéttarannsóknir eru gerðar í mjög stéttskiptum þjóðfélögum, s.s. Bretlandi (Marshall o.fl., 1988) og Bandaríkjunum (Gilbert, 2008). Hins vegar má halda því fram að við lærum einna mest um gangverk stéttakerfa með því að skoða þjóðfélög þar sem stéttaskipting er ekki mikil, s.s. á Íslandi.

**Tafla 4** Huglæg stéttarstaða fyrir Ísland og lönd úr Alþjóðlegu lífsgildakönnuninni árið 2005. Hlutfallstölur

	Yfirstétt	Efri millistétt	Neðri millistétt	Verka- lýðsstétt	Undirstétt	Samtals	Svara ekki
Andorra	0,6	29,2	43,3	25,3	1,7	100	1,9
Argentína	0,2	9,6	31,1	50,1	9	100	3,5
Ástralía	0,7	25,3	34,1	36,1	3,8	100	5
Bandaríkin	1,2	25,6	35	30,7	7,6	100	5,5
Brasilía	0,7	2,1	35,8	35,6	25,8	100	0,7
Búlgaría	0,3	10,6	20,6	56,4	12,1	100	5,8
Búrkína Fasó	0,1	6,4	29,8	17,7	45,9	100	11,8
Egyptaland	0,9	13,4	44,5	19,7	21,6	100	0
Eþíópía	3,4	10,8	31,7	28,4	25,7	100	4,7
Finnland	1,2	23	38	34,4	3,3	100	5,2
Gana	1,5	7,2	23,2	26,3	41,8	100	0,6
Georgía	0,2	15,7	47,5	21	15,6	100	2,7
Hong Kong	0,4	2,6	32,5	40,6	23,9	100	1,8
Indland	4,6	15,5	35	17,7	27,2	100	2,7
Indónesía	0,6	24,3	56,7	8,2	10,2	100	6,9
Írak	0,3	8,6	34,5	41,7	14,9	100	3,7
Ísland	1,1	35,3	45,8	16,3	1,5	100	22,3
Ítalía	0,8	28,4	29,7	36,3	4,8	100	8,1
Japan	0,9	14,7	45,9	29,7	8,9	100	4,1
Jórdan	0,8	26,7	51,2	15,3	5,9	100	0,4
Kanada	0,9	32,6	32,3	30,2	4	100	4,6
Kína	0,6	5,4	42,6	30,4	21	100	9,6
Kýpur	2	37,6	35	23	2,6	100	0,3
Malasía	2,9	25,9	29,9	30,3	11	100	0
Malí	5	25,4	36,3	18,8	14,5	100	17,2
Marokkó	0,3	7,3	33,4	48,1	11	100	0,6
Moldavía	3,1	27,2	24,3	37,2	8,2	100	2,7
Noregur	0,5	32,2	39,5	22,6	5,1	100	6,9
Nýja-Sjáland	0,7	33,2	28,3	34,1	3,7	100	14,2
Perú	0,6	12,3	26,6	48,9	11,7	100	4,4
Pólland	0,9	12,8	28,1	43,9	14,2	100	13,5
Rúanda	0,1	5	21,8	10,8	62,3	100	8

	Yfirstétt	Efri millistétt	Neðri millistétt	Verka-lyðsstétt	Undir-stétt	Samtals	Svara ekki
Rúmenía	0,7	16,7	26,7	34	22	100	4,2
Sambía	4,3	22	26,1	14,7	32,9	100	17,2
Serbía	0,8	14,5	36,6	36,2	11,9	100	5
Síle	1,4	11,1	42,9	26,8	17,8	100	1
Slóvenía	1,2	22,3	36,3	35,5	4,7	100	2,3
Spánn	1,2	25,6	35	30,7	7,6	100	5,5
Suður-Afríka	2,4	15,2	19,5	18,9	43,9	100	5,5
Suður-Kórea	0,7	21,1	52,8	18,1	7,2	100	0
Sviss	3,4	45,6	39,4	10,7	1	100	4,1
Svíþjóð	2,1	39,3	37,6	16,1	5	100	11,6
Trínidad og Tóbagó	4,5	19,5	32,3	33,8	9,9	100	1,2
Tyrkland	2,1	28,9	38	25,6	5,3	100	4,9
Tæland	0,5	20,3	44,9	32,7	1,6	100	0,3
Tævan	0,8	23,9	35,5	33,6	6,3	100	0,6
Úkraína	0,8	15,8	34,2	39,1	10,1	100	6,5
Úrúgvæ	0,5	10	34,8	37,6	17,1	100	4,4
Víetnam	0,3	4,9	9,1	82,2	3,5	100	1
Þýskaland	0,8	24,1	40,3	31,4	3,4	100	7,1

Það er ætlunarverk þessarar greinar að hjálpa til við að endurvekja íslenskar stéttarannsóknir. Ísland er stéttarþjóðfélag og áhrif stéttaskiptingar hafa aukist samfara nýfrjálshyggjuvæðingu síðustu ára. Það er því ákaflega óheppilegt að stéttarannsóknir hefðu ekki verið sinnt sem skyldi. Sérstaklega ættu félagsfræðingar að taka þetta til sín. Stéttarhugtakið hefðu frá upphafi verið hornsteinn félagsfræðinnar og síðasta áratuginn hafa stéttarannsóknir gengið í endurnýjun lífdaga, beggja vegna Atlantsála.

Með tilliti til huglægu hliðarinnar þarf t.a.m. að rannsaka hvernig Íslendingar sjá fyrir sér stéttakerfi þjóðfélagsins; hvað þeir sjá sem helstu orsök stéttamunar; hvort þeir sjái stéttarstöðu sem veigamikinn þátt í sjálfsmynd sinni og hvort huglæg stéttarstaða hafi marktækt spágildi þegar kemur að viðhorfum og hegðun. Þar fyrir utan er af nægum rannsóknarefnum að taka hvað þetta svið varðar. Þessi rannsókn hefur sýnt fram á það að ýmislegt leynist undir yfirborðinu.



## Heimildir

- Adonis, Andrew og Stephen Pollard. (1997). *A Class Act: The Myth of Britain's Classless Society*. London: Penguin.
- Alþjóðavinnuálagstofnunin. (1987). *International Standard Classification of Occupations (ISCO-88)*. <http://www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/isco08/index.htm>. Sótt 5. janúar, 2009.
- Anderson, Margaret L. og Howard F. Taylor. (2007). *Sociology: The Essentials*. California: Thomson Wadsworth.
- Arnaldur S. Kristjánsson. (2009). „Viðhorf Íslendinga til tekjuskiptingar.“ Bls. 923-935 í Gunnar P. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Arnaldur S. Kristjánsson og Stefán Ólafsson. (2009). „Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993-2007.“ *Stjórnámál og stjórnsýsla*, 5, 93-121.
- Auden, Wystan. H. (1964). „Ísland heimsótt á ný.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 31. maí.
- Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta: Þéttbýlismyndun á Íslandi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Ármann Þorvaldsson. (2009). *Ævintýraeyjan: Uppgangur og endalok fjármálaveldis*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Ásgeir Jónsson, Ásta H. Hall, Gylfi Zoega og Marta G. Skúladóttir. (2001). *Tekjuskipting á Íslandi: Þróun og ákvörðunarvaldar*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Beck, Ulrich. (1992). *Risk Society: Towards a New Modernity*. California: Sage Publications.
- Bott, Elizabeth. (1957). *Family and Social Network*. London: Tavistock.
- Bourdieu, Pierre. (1977). *Outline of a Theory of Practice*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, Pierre. (1984). *Distinction: A Social Critique of the Judgment of Taste*. London: Routledge and Kegan Paul.
- Centers, Richard. (1949). *The Psychology of the Social Classes*. Princeton: Princeton University Press.
- Chan, Tak W. og John H. Goldthorpe. (2007). „Class and Status: The Conceptual Distinction and its Empirical Relevance.“ *American Sociological Review*, 72, 512-532.
- Dóra S. Bjarnason. (1974). *A Study of the Intergenerational Difference in the Perception of Stratification in Urban Iceland*. Keele: University of Keele.
- Dóra S. Bjarnason. (1976). *Jafnræði í lagskiptu samfélagi*. Reykjavík.
- Dr. Gunni. (2006). „Um ójöfnuð“. *DV*. 9. janúar.
- Durkheim, Emile. (1933). *The Division of Labor in Society*. Illinois: Free Press.
- DuBois, William E. B. (1996). *The Souls of Black Folk*. New York: Penguin Books.
- Edlund, Jonas. (2003). „The Influence of Class Situations of Husbands and Wives on Class Identity, Party Preference and Attitudes Towards Redistribution: Sweden, Germany and the United States.“ *Acta Sociologica*, 46, 195-214.
- Engels, Friedrich. (1975). *The Conditions of the Working Class in England*. Moscow: Progress Publishers.
- Erikson, Robert og John H. Goldthorpe. (1992). *The Constant Flux: A Study of Class Mobility in Industrial Societies*. Oxford: Clarendon Press.

- Evans, Geoffrey. (1996). „Social Class and Interest Formation in Post-Communist Societies.“ Bls. 225-244 í Lee, D. J. og Turner, B. S. (ritstj.). *Conflicts about Class: Debating Inequality in Late Industrialism*. London: Longman.
- Evans, Mariah D. R. og Jonathan Kelley. (2004). „Subjective Social Location: Data From 21 Nations.“ *International Journal of Public Opinion Research*, 16, 3-38.
- Evans, Mariah D. R., Jonathan Kelley og Tamas Kolosi. (1992). „Images of Class: Public Perceptions in Hungary and Australia.“ *American Sociological Review*, 57, 461-482.
- Fantasia, Rick. (1988). *Cultures of Solidarity*. Berkeley: University of California Press.
- Fantasia, Rick. (1995). „From Class Consciousness to Culture, Action and Social Organization.“ *Annual Review of Sociology*, 21, 269-287.
- Fichter, Joseph H. (1972). „High School Influence on Social-Class Attitudes.“ *Sociological Analysis*, 33, 246-252.
- Finnur Magnússon. (1986). *The Hidden Class: Culture and Class in a Maritime Setting 1880-1942*. Aarhus: Aarhus University Press.
- Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson. (1991). *Lífsskoðun í nútímalegum þjóðfélögum: Samanburður á Íslendingum, Dönum, Finnum, Norðmönnum, Svíum, öðrum Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Galbraith, James K. (2002). *Created Unequal: The Crisis in American Pay*. Chicago: University of Chicago Press.
- Gallup. (1997). *Búa tvær þjóðir í landinu?* Reykjavík: IMG Gallup.
- Ganzeboom, Harry B. G. og Donald J. Treiman. (2003). „Three Internationally Standardized Measures for Comparative Research on Occupational Status.“ Bls. 159-194 í Hoffmeyer-Zlotnik, J. H. P. og Wolf, C. (ritstj.) *Advances in Cross-National Comparison: A European Working Book for Demographic and Socio-Economic Variables*. New York: Kluwer Academic / Plenum Publishers.
- Giddens, Anthony. (1973). *Class Structure of the Advanced Societies*. London: Hutchinson.
- Gilbert, Dennis. (2008). *The American Class Structure – In an Age of Growing Inequality*. California: Sage Publications.
- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. (1989). „Systems of Production and Social Discourse: The Skipper Effect Revisited.“ *American Anthropologist*, 92, 130-141.
- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. (1996). *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Goldthorpe, John H. (1983). „Women and Class Analysis: In Defense of the Conventional View.“ *Sociology*, 17, 465-88.
- Gruder, Charles L. (1977). „Choice of Comparison Persons in Evaluating Oneself.“ Bls. 21-41 í Suls, N. J. M. og Miller, R. L. (ritstj.) *Social Comparison Processes*. New York: Wiley.
- Guðmundur Magnússon. (2008). *Nýja Ísland – listin að týna sjálfum sér*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Guðni Th. Jóhannesson. (2009). *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Hagstofa Íslands. (1994). *ÍSTARF 1995: Íslensk starfsflokkun með skýringum og dæmum*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. (2006). *Starfandi erlendir ríkisborgarar 1998–2005*. <https://hagstofa.is/>

- lisalib/getfile.aspx?ItemID=4707. Sótt 18. maí, 2009.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008*. <http://hagstofan.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9077>. Sótt 18. júní, 2009.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Lágtekjumörk og tekjudreifing 2004-2009*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. <http://hagstofa.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur>. Sótt 3. apríl, 2010.
- Harman, Harry. H. (1976). *Modern Factor Analysis*. Chicago: University of Chicago Press.
- Harpa Njáls. (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar. Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Harvey, David. (2007). *A Brief History of Neoliberalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Helgi Gunnlaugsson og Galliher, John F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance, and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Hermann Óskarsson. (1997). „Stéttaskipting á Akureyri frá 1860-1940.“ *Súlu*, 24, 30-77.
- Hout, Michael. (2008). „How Class Works: Objective and Subjective Aspects of Class Since the 1970s.“ Bls. 25-64 í Lareau, A. og Conley, D. (ritstj.) *Social Class: How Does It Work?* New York: Russell Sage Foundation.
- Hout, Michael, Claude S. Fischer, Martín Sánchez Jankowski, Samuel R. Lucas, Ann Swidler og Kim Voss. (1996). „Inequality by Design: Myths, Data, and Politics.“ *RSF Working Paper Series*. New York: Russell Sage Foundation.
- Ingólfur V. Gíslason. (1990). *Enter the Bourgeoisie: Aspects of the Formation and Organization of Icelandic Employers 1894-1934*. Lund: Lund University Press.
- Irwin, Sarah. (2008). „Subjectivity and Social Structure.“ *International Journal of Sociology and Social Policy*, 28, 273-284.
- Ívar Jónsson. (2008). „The Transnational Capitalist Class and the Mini-Keiretzu System in Iceland.“ Bls. 145-159 í Winther, G. (ritstj.) *The Political Economy of Northern Regional Development Yearbook 2008*. Norræna ráðherraráðið: Kaupmannahöfn.
- Ívar Jónsson. (bíður birtingar). „Social Construction of a ‘Glocal’ Crisis – the Case of Iceland.“ Í Winther, G. (ritstj.) *The Political Economy of Northern Regional Development, annað bindi*. Norræna ráðherraráðið: Kaupmannahöfn.
- Jackman, Mary R. og Jackman, Robert. W. (1983). *Class Awareness in the United States*. Berkeley: University of California Press.
- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009). „Relative Deprivation and Adolescent Outcomes in Iceland: A Multilevel Test.“ *Social Forces*, 87, 1223-1249.
- Jón Gunnar Grjetarsson. (1993). „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi.“ Bls. 215-264 í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.) *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Kelley, Jonathan og Mariah D. R. Evans. (1995). „Class and Class Conflict in Six Western Nations.“ *American Sociological Review*, 60, 157-178.
- Knudsen, Knud. (1988). „Class Identification in Norway: Explanatory Factors and Life-cycle Differences.“ *Acta Sociologica*, 31, 69-79.
- Kohn, Melvin L., Atsushi Naoi, Carrie Schoenbach, Carmi Schooler og Kazimierz M. Slomczynski. (1990). „Position in the Class Structure and Psychological Functioning in the United States, Japan, and Poland.“ *American Journal of Sociology*, 95, 964-1008.
- Levy, Rene. (1991). „Structure-Blindness: A Non-Ideological Component of False Consci-

- ousness.“ *International Journal of Sociology and Social Policy*, 11, 61-70.
- Lockwood, David. (1966). „Sources of Variation in Working-class Images of Society.“ *Sociological Review*, 14, 244-67.
- Lukacs, Georgy. (1975). *History and Class Consciousness*. Massachusetts: MIT Press.
- Mann, Michael. (1973). *Consciousness and Action Among the Western Working Class*. London: Macmillan.
- Manza, Jeff, Michael Hout og Clem Brooks. (1995). „Class Voting in Capitalist Democracies Since World War II: Dealignment, Realignment or Trendless Fluctuation?“ *Annual Review of Sociology*, 21, 137-62.
- Marshall, Gordon, Howard Newby, David Rose og Carol Vogler. (1988). *Social Class in Modern Britain*. London: Hutchinson.
- Marx, Karl. (1963). *The Poverty of Philosophy*. New York: International Publishers.
- Marx, Karl. (1972). „Economic and Philosophic Manuscripts of 1844.“ Bls. 53-103 í Tucker, R. C. (ritstj.) *The Marx – Engels Reader*. New York: W.W. Norton.
- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (1997). *International Standard Classification of Education (ISCED 1997)*. [http://www.unesco.org/education/information/nfsunesco/doc/isced\\_1997.htm](http://www.unesco.org/education/information/nfsunesco/doc/isced_1997.htm). Sótt 11. maí, 2009.
- Merton, Robert. (1968). *Social Theory and Social Structure*. New York: Free Press.
- Ólafur Þ. Harðarson. (2004). „Kjösendur og stéttir á Íslandi 1983-2003.“ Bls. 613-625 í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Rothman, Robert A. (2002). *Inequality and Stratification: Race, Class and Gender*. New Jersey: Prentice Hall.
- Runciman, Walter. G. (1966). *Relative Deprivation and Social Justice*. London: Routledge and Kegan Paul.
- Savage, Mike. (2000). *Class Analysis and Social Transformation*. Buckingham: Open University Press.
- Savage, Mike, Gaynor Bagnall og Brian Longhurst. (2001). „Ordinary, Ambivalent and Defensive: Class Identities in the Northwest of England.“ *Sociology*, 35, 875-892.
- Scase, Richard. (1992). *Class*. Buckingham: Open University Press.
- Scott, John. (2002). „Social Class and Stratification in Late Modernity.“ *Acta Sociologica*, 45, 23-35.
- Scott, John og Gordon Marshall (ritstj.). (2005). *Oxford Dictionary of Sociology*. London: Oxford University Press.
- Sigurjón Björnsson, Wolfgang Edelstein og Kurt Kreppner. (1977). *Explorations in Social Inequality: Stratification Dynamics in Social and Individual Development in Iceland*. Berlin: Max-Planck-Institut für Bildungsforschung.
- Sklair, Leslie. (2001). *The Transnational Capitalist Class*. Oxford: Blackwell-Publishing.
- Smits, Jeroen, Wout Ultee og Jan Lammers. (1998). „Educational Homogamy in 65 Countries: An Explanation of Differences Using Country-level Explanatory Variables.“ *American Sociological Review*, 63, 264-285.
- Stefán Ólafsson. (1981). *Equality in Iceland*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Stefán Ólafsson. (1982). *Modernization and Social Stratification in Iceland*. Oxford: Oxford University.
- Stefán Ólafsson. (1990). *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi*

- Íslendinga, Dana, Finna, Norðmanna og Svía*. Reykjavík: Iðunn.
- Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Stefán Ólafsson. (2003). „Contemporary Icelanders – Scandinavian or American?“ *Scandinavian Review*, 91, 6-14.
- Stefán Ólafsson. (2006). „Aukinn ójöfnuður á Íslandi: Áhrif stjórn mála og markaðar í fjölþjóðlegum samanburði.“ *Stjórn mála og stjórnsýsla*, 2, 129-156.
- Stefán Ólafsson. (2008). „Íslenska efnahagsundrið: Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármála-hruns.“ *Stjórn mála og stjórnsýsla*, 4, 231-256.
- Stefán Ólafsson. (2009). „Íslenska leiðin eftir hrun. Hvert vill þjóðin stefna?“ Bls. 951-966 í Gunnar Þ. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Stefán Ólafsson. (2010). *From Neo-Liberalism to Increasing Income Inequality: Globalization, Politics and Inequality in Iceland 1995-2008*. Fyrirlestur við REASSESS Steering Group Oslo, Nova Research Institute. 25.-26. janúar.
- Stouffer, Samuel A., Edward Suchman, Leland C. DeVinney, Shirley A. Star og Robin M. Williams. (1949). *The American Soldier: Adjustment During Army Life*. Princeton: Princeton University Press.
- Tomasson, Richard. F. (1980). *Iceland: The First New Nation*. Reykjavík: Iceland Review.
- Veblen, Thorsten. (2004). *The Theory of the Leisure Class: An Economic Study of Institutions*. Montana: Kessinger Publishing.
- Wade, Robert. (2009). „The Crisis: Iceland as Icarus.“ *Challenge*, 52, 5-33.
- Weber, Max. (1978). *Economy and Society: An Outline of Interpretative Sociology*. Roth, G. og Wittich, C. (ritstj.). Berkeley: University of California Press.
- Westergard, John H. (1995). *Who Gets What? The Hardening of Class Inequality in the Late Twentieth Century*. Cambridge: Polity.
- World Values Survey. (2005a). *2005 – 2006 World Values Survey Questionnaire*. [http://margaux.grandvinum.se/SebTest/wvs/SebTest/wvs/articles/folder\\_published/survey\\_2005/files/WVSQuest\\_RootVers.pdf](http://margaux.grandvinum.se/SebTest/wvs/SebTest/wvs/articles/folder_published/survey_2005/files/WVSQuest_RootVers.pdf). Sótt 21. apríl, 2009.
- World Values Survey. (2005b). *World Values Survey Data*. <http://www.worldvaluessurvey.org>. Sótt 8. janúar, 2009.
- Wright, Erik O. (1989). „The Comparative Project on Class Structure and Class Consciousness: An Overview.“ *Acta Sociologica*, 32, 3-22.
- Wright, Erik O. (1997). *Class Counts: Comparative Studies in Class Analysis*. Massachusetts: Cambridge University Press.
- Wright, Erik O. (2002). „The Shadow of Exploitation in Weber’s Class Analysis.“ *American Sociological Review*, 67, 832–853.
- Yamaguchi, Kazuo og Yantao Wang. (2002). „Class Identification of Married Men and Women in America.“ *American Journal of Sociology*, 108, 440–75.
- Þorbjörn Broddason og Keith Webb. (1975). „On the Myth of Social Equality in Iceland.“ *Acta Sociologica*, 18, 49-61.
- Þórólfur Þórlindsson. (1988). „Equality and Educational Opportunity in Iceland.“ *Scandinavian Journal of Educational Research*, 32, 9-22.

## **Þakkarorð**

Höfundur vill þakka föður sínum, Oddi Ævari Guðmundssyni, sérstaklega fyrir mikla þolinmæði og nákvæmni við yfirlestur á ýmsum stigum handritsins. Loks vill hann þakka ritstjórum sem og ókunnugum ritrýnum fyrir þarfar athugasemdir og góðar ábendingar.

## **Um höfund**

Guðmundur Ævar Oddsson (gfoqpd@mail.missouri.edu) lauk B.Sc.-prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2002, B.A. í samfélags- og hagþróunarfræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2006 og meistaraþrófi í félagsfræði frá Missouri-háskóla árið 2009. Hann stundar nú doktorsnám í félagsfræði við Missouri-háskóla. Guðmundur leggur stund á stéttarannsóknir.